

Til frekari upplýsinga fylgir hér texti úr minnisblaði til ráðherra:

*„Efni: Tillaga um tilraunaverkefni til eflingar skilnaðarráðgjafar til foreldra.*

**Tillaga - Um tvíþætta tillögu er að ræða.**

1. Lagt er til að félagsmálaráðuneytið í samstarfi við dómsmálaráðuneytið gangi til samninga við danska fyrirtækið SES (Samarbejde efter Skilsmisse) vegna tilraunaverkefnis um innleiðingu sérhæfðrar skilnaðarráðgjafar til foreldra. Verkefnið snýr annars vegar að aðgangi foreldra í skilnaðarferli að rafrænu námskeiði og hins vegar að viðtalsráðgjöf sérfræðings félagsþjónustu. Tvö sveitarfélög hafa lýst áhuga á þátttöku í verkefninu.
2. Lagt er til að gerður verði samningur við Gyðu Hjartardóttur, félagsráðgjafa MS, aðjúntkt við HÍ og Dr. Sigrúnu Júlíusdóttur félagsráðgjafa og prófessor HÍ, með vísun í samning við SES, um túlkun efnis, fræðslu til starfsmanna sveitarfélaganna og handleiðslu.

**Markmið -** Markmið verkefnisins er að innleiða og þróa nýtt vinnulag í samstarfi félags- og barnamálaráðherra, dómsmálaráðherra, Hafnarfjarðarbæjar og Fljótaldalshéraðs og að auki verði stefnt á að bæta við einu sveitarfélagi í viðbót á miðju ári 2020. Verkefnið snýr að eflingu félagslegrar ráðgjafar með áherslu á skilnaðarmál, forsjár- og umgengnismál. Litið er á verkefnið sem undirbúningsferli að mögulegu framtíðarskipulagi ráðgjafar á fyrsta og öðru stigi velferðarþjónustu við foreldra í skilnaðarferli. Fellur tilraunaverkefnið vel að markmiðum yfirstandandi lagabreytinga í þágu snemmtækra þjónustu við börn á Íslandi.

**Almennt yfirlit –** Samkvæmt nýlegum upplýsingum frá Hagstofu Íslands enda tæplega 40% hjónabanda á Íslandi með lögskilnaði, en þá er ótalinn sá hópur foreldra sem á börn saman og slítur sambúð. Það má því ætla að börnin sem um ræðir séu upb. 1100 - 1200 börn árlega á landsvísu, þ.e. í kringum 700 barnafjölskyldur á ári.

Langtímaáhrif skilnaðar á líðan barna geta verið verulega íþyngjandi, fyrir börnin sjálf og samfélagið. Það er oft ekki skilnaðurinn sjálfur sem veldur mestum skaða, heldur það hvernig staðið er að honum gagnvart börnunum. Bæði íslenskar og erlendar rannsóknir benda skýrt til þess að hægt sé að lágmarka skaðsemi skilnaðar ef foreldrar fá tímanlega aðstoð við að vinna úr tilfinningalegri togstreitu og ná að vinna saman í skilnaðarferlinu.

Árið 2013 tóku gildi lög sem kveða á um að sé ágreiningur um umgengni eða forsjá sé fólki gert að taka þátt í sáttferli. Samkvæmt upplýsingum frá Sýslumanninum á höfuðborgarsvæðinu hefur bið eftir meðferð mála verið viðvarandi frá árinu 2016 og frá árinu 2018 hefur myndast töluverð bið eftir sáttmeðferð en almennt mun ekki vera bið eftir afgreiðslu erinda sem byggjast á samkomulagi.

Hér á landi fara aðeins í sáttmeðferð mál þar sem þegar er til staðar ágreiningur og getur það því verið tiltölulega seint í ferlinu. Í flestum öðrum Norðurlöndum er reynt að tryggja öllum sem skilja að minnsta kosti eitt viðtal eða ráðgjöf mun fyrr sem á að fyrirbyggja að það komi upp ágreiningur síðar og virðast rannsóknir sýna að góðan árangur af slíku fyrirkomulagi, m.a. að færri mál endi í ágreiningi. Í umdæmi sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu komu 309 umgengnismál til meðferðar sýslumanns árið 2018. Af þeim voru ágreiningsmál sem vísað var í sáttmeðferðar 153 talsins eða rétt tæpur helmingur. Fyrirbyggjandi aðgerðir eins og byggðar hafa verið upp á öðrum Norðurlöndum stuðla einnig að því að vernda börn og styðja

*þau í skilnaðarferli foreldra með því að gæta sérstaklega að sjálfstæðum rétti, tjáningu og velferð þeirra.*

***Samvinna eftir skilnað (Samarbejde efter skilsmisse – SES)*** - Í tengslum við breytingar á skilnaðarlögunum í Danmörku 1. apríl 2019, var tekið upp nýtt fyrirkomulag fyrir foreldra sem sóttu um skilnað. Allir þeir sem fá leyfi til að skilja að borði og sæng og eiga börn undir 18 ára aldri þurfa að taka rafrænt skyldunámskeið um áhrif skilnaða á börn. Um er að ræða fræðslu og námsefni sem hefur verið sýnt fram á með rannsóknum (e.evidence based) að skilar árangri. Nýlegar danskar samanburðarrannsóknir, þar sem fólk sem hefur tekið námskeiðið Samvinna eftir skilnað er borið saman við einstaklinga sem ekki hafa tekið námskeiðið, sýna marktækan mun á líðan þeirra sem taka þátt í námskeiðinu og þeirra sem ekki gera það. Þeim sem undirgangast námsefnið vegnar á þannig á margan hátt betur en hinum sem ekki hafa nýtt sér það. Auknar líkur eru á almennt betri líðan fólks sem tekur námskeiðið, það dregur úr veikindafjarveru frá vinnu og hefur jákvæð áhrif á sálræna líðan þeirra. Auk foreldranámskeiðis er fagfólki boðið upp á námskeið í því hvernig hægt er að nota námsefnið Samvinna eftir skilnað í ráðgjöf og stuðningi fyrir foreldra sem eru að skilja. Þessar jákvæðu niðurstöður benda til þess að það sé til mikils að vinna í samfélagslegum skilningi og í fyrirbyggjandi tilgangi, að ná til sem stærst hóps þeirra sem eru að að skilja, barnanna vegna.

*Barna- og fjölskyldumálaráðgjafar hefur þegar styrkt Gyðu Hjartardóttur, félagsráðgjafa til þess að sækja námskeið á vegum SES, svokallað „SES-Pro“ námskeið, sem sérstaklega er ætlað sérfræðingum sveitarfélaga. Nánari upplýsingar um SES er að finna á vefslóðinni [www.samarbejdeefterskilsmisse.dk](http://www.samarbejdeefterskilsmisse.dk)*

Með góðri kveðju,

Halldóra Dröfn